

1 Kennitala	2 Nafn greiðanda/milligönguáðila um sölu hlutabréfa (ef um slíkan aðila er að ræða)	3 ISAT 2008
4 Heimili	5 Póstnúmer	6 Greiðslutímabil
		7 Fjöldi viðtakenda greiðslu

## Skilgrein staðgreiðslu vegna arðgreiðslna og söluhagnaðar erlendra aðila

Skilgreinin tekur til tekna erlendra aðila með takmarkaða skattskyldu (þ.m.t. þeir Íslendingar sem eru búsettir erlendis), af söluhagnaði og arði íslenskra hlutabréfa, stofnbréfa og annarra réttinda til hlutdeildar í hagnaði, sbr. 7. tölulið 3. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt.

### Seljandi hlutabréfa og/eða móttakandi arðs

8 Heimilisfestarríki	9 Skattkennitala/auðkennisnúmer	10 Nafn				
11 OECD kóði	12 Kennitala	13 Gata/húsheiti				
14 Fylki/hérað		15 Póstnúmer - pósthöð/borg				
<b>Seld hlutabréf og arðgreiðslur</b>						
16 Kennitala hlutafélags	17 Nafn hlutafélags sem selt er í eða sem greiðir arð	18 Sölu dagur bréfa	19 Tegund greiðslu	20 Nafnverð seldra hlutabréfa		
21 Söluverð +	22 Kaupverð -	23 Söluhagnaður =	24 Staðgr. af söluhagnaði	25 Arður	26 Staðgreiðsla af arði	27 Samtals staðgreiðsla

### Seljandi hlutabréfa og/eða móttakandi arðs

8 Heimilisfestarríki	9 Skattkennitala/auðkennisnúmer	10 Nafn				
11 OECD kóði	12 Kennitala	13 Gata/húsheiti				
14 Fylki/hérað		15 Póstnúmer - pósthöð/borg				
<b>Seld hlutabréf og arðgreiðslur</b>						
16 Kennitala hlutafélags	17 Nafn hlutafélags sem selt er í eða sem greiðir arð	18 Sölu dagur bréfa	19 Tegund greiðslu	20 Nafnverð seldra hlutabréfa		
21 Söluverð +	22 Kaupverð -	23 Söluhagnaður =	24 Staðgr. af söluhagnaði	25 Arður	26 Staðgreiðsla af arði	27 Samtals staðgreiðsla

Gjald dagi er 1. hvers mánaðar og eindagi 14 dögum síðar

Dagsetning

Undirskrift

## LEIÐBEININGAR

Þetta eyðublað á eingöngu að nota við staðgreiðslu-skil á sköttum vegna takmarkaðrar skattskyldu samkvæmt **7. tl. 3. gr.** laga nr. 90/2003, um tekjuskatt og skv. ákvæðum í lögum nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda. Þeir sem falla ekki undir 1. gr. tekjuskattlaganna eru skattskyldir vegna arðs eða söluhagnaðar skv. 7. tl. 3. gr. laganna.

Þeim sem inna af hendi greiðslur til aðila sem falla undir ákvæði 7.tl. 3. gr. ber að fylla út þetta eyðublað, dagsetja, undirrita og skila til innheimtumanns ríkissjóðs í því umdæmi þar sem greiðandi á lögheimili ásamt greiðslu skatta sé um skattgreiðslu að ræða. Uppgjörstímabil er almanaksmánuður og gjald-dagi vegna liðins mánaðar er fyrsti virki dagur næsta mánaðar en eindagi 14 dögum síðar. Leiki vafi á um hvaða greiðslur falla undir 7. tl. 3. gr. skal leita upplýsinga hjá viðkomandi skattstjóra auk þess sem almennar upplýsingar er að finna á vefsíðu ríkisskattstjóra rsk.is.

### Reitir 1-7 Kennitala - nafn - heimili - póstnúmer - greiðslutímabil

Greiðandi skal færa hér upplýsingar um nafn sitt, heimilisfang og póstnúmer. Einnig ber að fylla út reitinn fyrir greiðslutímabil, þ.e. mánuð og ár sem sundurliðunin nær til (sex tölustafir), t.d. janúar 2007: 012007.

### Reitur 8 Heimilfestarriki

Hér skal færa inn landalykil þess lands þar sem viðtakandi greiðslu á heimilisfesti að því er skattskyldu varðar. Landalykil skal vera í samræmi við staðalinn ISO 3166 (tveir bókstafir), t.d. DK fyrir Danmörku. Upplýsingar um landalykil má finna á vef ríkisskattstjóra rsk.is, www.rsk.is/iso/3166.

### Reitur 9 Erlend skattkennitala/ auðkennisnúmer

Greiðandi skal ávallt krefja móttakanda arðs eða söluverðs hlutabréfa um skattkennitölu (Tax Identification Number (TIN)) eða auðkennisnúmer sem honum hefur verið gefið samkvæmt lögum og reglum þess lands þar sem hann á heimilisfesti og ber ótakmarkaða skattskyldu. Skattkennitöluna ber að færa hér. Liggja hún ekki fyrir skal greiðandi afla upplýsinga um auðkennisnúmer viðtakanda (Identification Number eða Social Security Number) þar sem hann á heimilisfesti og hin erlendu skattýfirvöld nota í skattalegu tilliti.

### Reitur 10 Nafn seljanda

Hér skal færa nafn seljanda hlutabréfa eða móttakanda arðs.

### Reitur 11 OECD-kóði greiðanda

Hér skal færa þann OECD-kóða sem við á, og er tilgreindur hér að neðan:

01	Einstaklingur
02	Hlutafélag og einkahlutafélag
03	Sameignarfélag
04	Samtök önnur en tilgreind eru í 02 eða 03
05	Ríkis- eða alþjóðastofnun
06	Annað
07	Óþekkt

### Reitur 12 Kennitala seljanda

Hér skal færa kennitölu seljanda hlutabréfa eða móttakanda arðs. Ef hann hefur ekki íslenska kennitölu skal sleppa þessum reit.

### Reitir 13-15 Gata/húsheiti - fylki/héraðs-póstnúmer - póststöð/borg

Hér skal færa heimilisfang, póstnúmer og borg seljanda eða móttakanda arðs.

### Reitir 16-17 Kennitala og nafn hlutafélags sem selt er í

Í þessa reiti skal færa kennitölu og fullt nafn hins íslenska félags sem verið er að selja hlutabréf í eða greiðir arð.

### Reitur 18 Sölu dagur bréfa

Í þennan reit skal tilgreina sölu dag hlutabréfanna t.d. 18. janúar 2007: 18012007.

### Reitur 19 Tegund greiðslu

Í þessum dálki skal gerð grein fyrir tegund tekna sem viðtakandi fær vegna íslenskra hlutabréfa, stofnbreifa eða öðrum réttindum til hlutdeilar í hagnaði eða af rekstri íslenskra fyrirtækja. Færa skal hér inn viðkomandi lykil samkvæmt eftirfarandi töflu. Ef um tvennskonnar eða fleiri greiðslutegundir er að ræða vegna sama viðtakanda ber að gera grein fyrir hverri greiðslutegund. Ríkisskattstjóri vekur athygli á að Ísland hefur gert tvíhliða samninga við nokkur ríki sem ýmist getur leitt til skattundarþágu eða lækkunar skatta á tiltekna tekjur. Þá er jafnframt vakin athygli á að aðilar heimilisfastir í ríkjum innan EES sem sætt hafa afdrætti fjármagnstekjuskatts af arðgreiðslum hér á landi geta skilað inn framtal, RSK 1.04, og fengið þann skatt sem haldið hefur verið eftir endurgreiddann við álagningu. Upplýsingar um framtal vegna arðgreiðslna erlendra aðila og tvísköttunarsamninga er að finna á rsk. is.

Tekjur af íslenskum hlutabréfum, stofnbréfum eða öðrum réttindum til hlutdeilar í hagnaði eða af rekstri íslenskra fyrirtækja:		
Lykill	Tegundir skattskyldra greiðslna	Tekjuskattur
Arðgreiðslur - ágóðahluti		
711	Afmörkuð fyrirtæki (Á við um fyrirtæki með minnst 25% eignarhald í fyrirtækinu sem greiðir út arðinn eða " : minnst 10% fyrir US, BE, GB, FR, NL, IT, CA, MT og XX).	18
712	Arður sem er frádráttarbar frá skattskyldum hagnaði eða yfirfærarlegur sem rekstrartap	18
713	Tekjur fyrirtækja, aðrar en 711 og 712	18
714	Tekjur einstaklinga, aðrar en 711 og 712	20
Söluhagnaður af hlutabréfum í félögum sem starfa um fasteignir að öllu eða verulegu leyti		
721	Söluhagnaður af hlutabréfum í félögum sem starfa um fasteignir að öllu eða verulegu leyti	18
722	Söluhagnaður af hlutabréfum í félögum sem starfa um fasteignir að öllu eða verulegu leyti en félagið má ekki vera skráð í kauphöll	18
723	Söluhagnaður af hlutabréfum í félögum sem starfa um fasteignir að öllu eða verulegu leyti og um er að ræða a.m.k. 10% eignarhald	18
724	Söluhagnaður af hlutabréfum í félögum sem starfa um fasteignir að öllu eða verulegu leyti og eignir félagsins eru a.m.k. 75% fasteignir sem staðsettar eru á Íslandi	18
725	Söluhagnaður einstaklings af hlutabréfum í félögum sem starfa um fasteignir að öllu eða verulegu leyti, en skilyrði 721-724 eru ekki uppfyllt, og sem hefur verið búsettur á næstliðnum 3 árum (MT), 5 árum (GB, NL, IR, DK, SE, FI, FO, HU), 6 árum (CA) eða 2 af síðustu 7 árum (BE) á Íslandi	20
Söluhagnaður af hlutabréfum í öðrum félögum		
731	Söluhagnaður fyrirtækja og einstaklinga í rekstri	18
732	Söluhagnaður fyrirtækja og einstaklinga í atvinnurekstri og eignarhald er a.m.k. 25%	18
733	Söluhagnaður einstaklings utan atvinnurekstrar af hlutabréfum sem hefur verið búsettur á næstliðnum 3 árum (MT), 5 árum (GB, NL, IR, DK, SE, FI, FO, HU), 6 árum (CA) eða 2 af síðustu 7 árum (BE) á Íslandi	20
734	Söluhagnaður einstaklinga utan atvinnurekstrar af hlutabréfum og skilyrði 733 eru ekki uppfyllt	20

### Reitur 20 Nafnverð seldra hlutabréfa

### Reitur 21 Söluverð

Með söluverði er átt við söluandvirði að frádregnum beinum sölu kostnaði.

### Reitur 22 Kaupverð

Með kaupverði er átt við það verð sem greitt var fyrir bréfin þegar þau voru keypt, án framreiknings, ef þau voru keypt 1997 eða síðar. Hafi bréfin verið keypt 1996 eða fyrr er kaupverð þeirra framreiknað með þeim stuðli sem gildir fyrir viðkomandi kaupár til ársloka 1996. Þó skal kaupverð hlutabréfa í eigu rekstraraðila, þar með talið einstaklinga, í árslok 1996 ákvarðast sem upphaflegt kaupverð þeirra eða jöfnunarverðmæti þegar það hefur verið hækkað samkvæmt verðbreytingarstuðli fyrir hvert ár til ársloka 2001, enda séu hlutabréfin eignfærð í atvinnurekstrinum. Ef jöfnunarverðmæti bréfanna er hærra en framreiknað kaupverð er það notað í staðinn. Frekari upplýsingar er að finna á vefsíðu ríkisskattstjóra, rsk.is.

### Reitur 23 Söluhagnaður

Hér skal færa söluhagnað af sölu hlutabréfa en hann telst mismunur á söluverði og kaupverði í íslenskum krónum.

### Reitur 24 Staðgreiðsla af söluhagnaði

Hér skal færa staðgreiðslu af söluhagnaði. Sjá nánar skýringar við reit nr. 27.

### Reitur 25 Arður

Hér skal tilgreina arðgreiðslur í íslenskum krónum.

### Reitur 26 Staðgreiðsla af arði

Hér skal færa staðgreiðslu af arði. Sjá nánar skýringar við reit nr. 27.

### Reitur 27 Samtals staðgreiðsla

Hér skal færa heildarfrjárhæð þeirra skatta sem standa ber skil á. Greiðandi þarf þó ekki að reikna út staðgreiðslu frekar en hann vill, þar sem innheimtumaður ríkissjóðs reiknar út þá skatta sem kunna að falla á fjárhæðir. Til samanburðar við álagningu og útreikning innheimtumanns er þó mælt með að greiðandi reikni sjálfur út staðgreiðsluna.

Skatthlutfall af sölu hlutabréfa og arðgreiðslum er samkvæmt tvísköttunarsamningi við hlutaðeigandi ríki og samkvæmt lögum nr. 90/2003 og reiknast af skattstofni. Upplýsingar um skatthlutfall má finna á rsk.is.